

Hverfisráð Hríseyjar

96. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði föstudaginn 18. desember í Hlein.

Á fundinn mættu: Anton Már Steinarsson, Hermann Jón Erlingsson, Þorgeir Jónsson, Helga Íris Ingólfssdóttir verkefnastjóri sat fundinn að ósk formanns.

Dagskrá:

1. Breyting á deiliskipulagi.

Tekið fyrir erindi frá skipulagsnefnd um breytingu á deiliskipulagi vegna Austurvegar 24. Óskað var eftir umsögn hverfisráðs Hríseyjar á tillöggunni. Hverfisráð sér ekkert athugavert við breytinguna og fagnar því að þessi uppbygging eigi sér stað.

2. Rafmagnsleysi í Hrísey.

Í Hrísey er vararafstöð til að bregðast við því þegar rafmagn fer af eins og gerðist í óveðrinu sem gekk yfir landið á dögnum, hverfisráð lýsir undrun sinni á því að hún hafi ekki verið sett af stað þá. Ákveðið að senda erindi til Rarik vegna málsins því nauðsynlegt er að hafa varaafli þegar rafmagn fer af því ferjan getur ekki orðið rafmagnslaus, hún er okkar öryggistæki og tenging við meginlandið og þjónar stóru hlutverki í Hrísey.

3. Aðstöðuhús á Árskógssandi.

Hverfisráðið lýsir óánægju sinni með að búið sé að ákveða staðsetningu aðstöðuhúss fyrir ferjuna á Árskógssandi þvert á óskir og hugmyndir þess. Hvorki Dalvíkurbyggð né Vegagerðin hafa haft samband við hverfisráðið eða Akureyrarbæ þegar þessar ákvarðanir virðast hafa verið teknar. Hverfisráðið mun óska eftir því að fá fund með Vegagerðinni og Dalvíkurbyggð til að ræða þetta og fleiri málefni er tengjast höfninni á Árskógssandi, bílastæðamál, snjómokstur og hálfuvarnir.

4. Brekka.

Hverfisráðið harmar þá stöðu sem komin er upp varðandi rekstur Brekku. Til að mynda hafa verið fjórir til fimm viðburðir þar á aðventunni síðastliðin áratug en engir í ár. Ákveðið var að reyna að fá eigendur til fundar með hverfisráðinu á nýju ári.

5. Sorpmál.

Hverfisráð óskar eftir að fá að vita hvort fyrirhugað sé að breyta gömlu slökkvistöðinni í gámastöð fyrir sorp. Ef svo er þá er hverfisráð ósátt við vinnubrögðin vegna málsins, að ákvarðanir séu teknar án samráðs við ráðið og teljum við það algerlega á móti þeim vinnureglum sem varða hverfisráðið og

hlutverk þess. Einnig telur hverfisráðiði að strangar reglur séu í gildi um breytingar á húsinu vegna asbest klæðningar.

6. Önnur mál.

Umræður um húsnæði slökkviliðs og björgunarsveitar og mikilvægi þess að þessum málefnum verði komið í gott lag. Undanfarin ár hafa átt sér stað miklar og langar viðræður um úrbætur á þessum málaflokki en ekkert gerst og því telur hverfisráðið að nú sé kominn tími á að láta verkin tala.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 10.45

Anton Steinarsson.
Hermann Jón Erlingsson
Þorgeir Jónsson.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.